



**Fundargerð 83. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.
Haldinn föstudaginn 3. mars 2025, kl. 09:00 í fundarsal SSS.**

Mætt eru: Valgerður B. Pálsdóttir, Fannar Jónasson, Árni Sigfússon, Magnús Stefánsson, Guðrún P. Ólafsdóttir, Arnbjörn Ólafsson og Jóhann Snorri Sigurbergsson.

Starfsmenn: Daníel Einarsson (sem ritaði fundargerð), Púríður H. Aradóttir Braun og Sigrún Svafa Ólafsdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Gunnuhver – Reykjanesviti: Drög að minnisblaði – framhald frá síðasta fundi

Minnisblaðið fylgdi með fundarboði og á fundinum voru gerðar eftirfarandi breytingartillögur:

- a. Skerpa á efnisatriðum minnisblaðs m.a. að tilgreina aðila frá Reykjanesbæ og Grindavíkurbæ í vinnuhóp til að skoða möguleika á að tengja akstursleið um veg að Gunnuhver að austanverðu við veg að Gunnuhver að vestanverðu.

2. Erindi: Samningur GeoCamp Iceland og Reykjanes jarðvangs (RGP) – drög að viðauka – framhald frá síðasta fundi

Viðauki samnings fylgdi með fundarboði. Viðaukinn kveður á um áframhaldandi samstarf ásamt upptalningu á verkefnum sem hafa bæst við upphaflegan samning.

Viðauki við gildandi samning samþykktur

3. Sjálfbærnivika á Reykjanesi 2025

Sigrún Svafa fjallaði um sjálfbærniviku á Reykjanesi 2025. Verkefnið verður til við samstarf UNESCO skóla teymis sem samanstendur af fulltrúum frá Suðurnesjavettvangi, GeoCamp Iceland og Reykjanes UNESCO Global Geopark. Markmiðið með hugmyndinni er að vekja athygli á ýmsu sem auðvelt er að breyta til þess að auka sjálfbærni í daglegu lífi okkar allra.

4. The 11th International Conference on UNESCO Global Geoparks, September 2025 - Kütralkura UNESCO Global Geopark

Verkefnastjóri kynnti alþjóðaráðstefnu UNESCO Global Geoparks sem haldin verður í Chile í september 2025 og jafnframt hvatti stjórnarmenn til að íhuga að sækja ráðstefnuna. Umræðu verður haldið áfram á næsta stjórnarfundi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10:10